

Ed. **306. Frumvarp til laga** [145. mál]
um breyting á lögum nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.
Fyrsta mgr. 13. gr. falli niður.

2. gr.
14. gr. laganna falli niður. 15. gr. verður 14. gr.

3. gr.
III. kafli laganna orðist svo:

Um verndun beitilands og um ítölu.

15. gr.
Stjórnnum fjallskiladeilda og hreppsnefndum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

16. gr.
Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

- a) Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.
- b) Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjartegund á afrétt.

- c) Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.
- d) Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.
- e) Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.
- f) Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.—25. gr.

17. gr.

Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefndir, að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafizt ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:

- a) Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.
- b) Hreppsnefnd viðkomandi hrepps og hreppsnefndir nágrennahreppa, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
- c) Sýslunefndir aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
- d) Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrennasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna.
- e) Landgræðsla ríkisins.

19. gr.

Nú hefur sýslunefnd borizt ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

20. gr.

Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, sýslunefnd, ef heil fjallskilaumdæmi eiga hlut að máli, eða hreppsnefnd, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra hreppa eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers hrepps eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarnefni. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna mætir. Hver maður hefur eitt atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarnefnið.

Verði samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða gripa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a—e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi sýslunefnd, og skal hún annast um, að ítala sé gerð.

Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, einn hrepp eða hluta hrepps, og fundur samþykkir ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða hrepps-

nefnd að sjá um framkvæmd ítölu. Skyllt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a—c-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafizt, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skyllt er að hlíta þeirri ítölu, sem þannig er ákveðin.

21. gr.

Þegar sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun þra manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknnum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknnum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártægunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því, að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparháttanna á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færri búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðjarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar

jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfiritölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjú menn í yfiritölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallamsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

4. gr.

Töluröð greina í kafla IV.—X. breytist í samræmi við framantaldar breytingar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Höfuðefni þeirra breytinga, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum nr. 42/1969 um afréttamálefni og fjallskil o. fl., er það, að tengd eru saman í einum

kafla laganna þau ákvæði, sem miða að því að tryggja verndun og skynsamlega nýtingu afrétta og heimalanda.

Kaflinn „um ítölu“ verði því „um verndun beitilands og um ítölu“. Ítala er róttækasta ráðstöfunin, sem gripið verður til auk beinnar friðunar landsins, og má margt gera til verndar og bóta á beitilandinu, áður en henni er beitt.

Í fyrstu grein þessa kafla er lagt til að stjórnnum fjallskiladeilda verði lögð sú skylda á herðar að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda með tilliti til beitarálags. Þær skulu hafa um þetta samráð við gróðurverndarnefnd héraðsins og Landgræðsluna. Með þessu er því slegið föstu, að hreppsnefndirnar séu ábyrgur aðili varðandi þessi mál.

Í næstu grein eru taldar þær aðgerðir, sem stjórnnum fjallskiladeilda er heimilt eða skylt að gripa til, þar sem talin er þörf aukinnar gróðurverndar eða bættra aðferða við nýtingu beitilandanna.

Þessar ráðstafanir eru nefndar:

a) Að ákveða, að fjallskilum skuli flýtt að hausti, eða að ákveðnir hlutar afrétta séu smalaðir fyrir reglulegar göngur.

Með þessu er haft í huga, að beitartíminn á afréttum sé ákvarðaður eftir aðstæðum og ástandi gróðurs hverju sinni, en ekki beint eftir almanaki án tillits til árferðis og gróðurnýtingar. Það færast nú æ meir í vöxt, að fé sé sótt að afréttargirðingum fyrir venjulegar göngur.

Hér getur verið um vandasamar ákvarðanir að ræða og er því full ástæða til, að bændur eigi kost góðra ráðlegginga um þessi efni.

Á það má benda, að víða er nauðsynlegt að bæta heimahaga og gera hagarirðingar eða auka grænfóðurræktun þannig að bændur geti tekið við fénaði af fjalli fyrr en við venjuleg fjallskil.

b) Að ákveða hvenær fyrst megji reka hverja búfjártegund á afrétt. Þetta miðar að því sama og fyrra ákvæðið, að beitartími fyrir hverja búfjártegund sé ákveðinn eftir gróðri og ástandi afréttar hverju sinni.

Mikilvægt getur verið að koma í veg fyrir, að fénaður, þó einkum hross, séu rekin of snemma á afrétt, sem ekki er orðinn nægilega gróinn til að þola verulegt beitarálag.

c) Að stóðhross séu girt af á afréttum. Víða getur hagað svo til að hlutar afréttanna (mýrlendi) þoli hrossabeit betur en aðrir og notist þeim, en ekki öðru búfé.

d) Að banna með öllu, að stóðhross séu rekin á afrétt. Slík heimild er í gildandi lögum og hefur henni sums staðar verið beitt.

Hross keppa við sauðfé um beitargróðurinn. Þau geta hins vegar nýtt mýrargróður á láglandi, sem víða er meira en nægur, þó að þurrlandisgróður á afréttum sömu sveita eigi í vök að verjast.

e) Stjórnnum fjallskiladeilda er ætlað að hafa frumkvæði að og forystu fyrir því, að hvaðeina sé gert, sem skynsamlegt er og hagkvæmt til að auka gróður afréttarlaga, bæta nýtingu þeirra og meðferð. Um þetta hafi þær samráð við gróðurverndarnefndir, beitarráðunaut og Landgræðsluna. Af slíkum ráðstöfunum má nefna, auk þess sem áður er talið: gerð afréttavega, uppgræðslu og gróðurbætur með áburðargjöf eða öðru þar sem það þykir henta, og útvegum sérstaks beitilands fyrir hross eða annan búpening þar sem við á.

f) Að lokum er forráðamönnum fjallskilamála skylt að standa fyrir gerð ítölu, þegar ekki nægja önnur ráð til úrbóta.

Um ítölu.

Í 17.—29. gr. frumvarpsins er fjallað um ítölu og framkvæmd hennar.

Meginbreytingarnar, sem lagt er til, að gerðar verði, felast í því að skýrar er kveðið á um það, hvar og hverjir geti farið fram á að ítala sé gerð, svo og hvernig að henni sé staðið.

Ítölu má krefjast í einstök afmörkuð landssvæði, stærri eða minni, hvort sem er í heimalönd eða afrétti.

Þeir, sem nota landið eða bera ábyrgð á meðferð þess, geta farið fram á, að athugun sé gerð á því, hvort ítölu sé þörf, og krafizt hennar, ef í ljós kemur, að ástandið sé svo alvarlegt, að rétt sé að grípa til hennar. Þeir geta krafizt ítölu í það land, sem þeir nota eða bera ábyrgð á og í aðliggjandi lönd, ef á milli þeirra er samgangur búfjár.

Í hvert skipti, sem farið er fram á, að ítala verði gerð, er skylt að leita álitis bæði gróðurverndarnefndar eða nefnda og Landgræðslu ríkisins. Þessir aðilar gera athugun á beitarpoli og meðferð landsins og byggja álit sitt á niðurstöðum beitarpolsrannsóknna, séu þær fyrir hendi. Þar sem svo er ekki, verður annaðhvort að flýta beitarpolsrannsóknnum og gróðurkortagerð eða byggja matið á nákvæmri skoðun.

Þegar álit Landgræðslunnar og gróðurverndarnefndar liggur fyrir, skal boða til fundar alla þá bændur, er málið varðar. Ef um stór og fjölbyggð svæði, sem ná yfir fleiri hreppa, er að ræða og það er samþykkt í öllum hreppum, er heimilt að halda um þetta fulltrúafundi.

Á fundinum yrðu málin kynnt og rædd, og tillögur gerðar um, hvað gera skuli. Þó að ítölu hafi verið krafizt, er eðlilegt að fyrst verði athugað hvort ekki teljist nægilegt að grípa til þeirra ráða, sem nefnd hafa verið undir a—e-lið að framan. Fundarályktanir um slíkt yrðu bindandi og sendar viðkomandi forráðamönnum fjallskilamála.

Hafni fundur ítölu eða öðrum úrræðum, er hægt að áfrýja málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það eftir ákvæðum landgræðslulaga, en eftir þeim getur hann komið fram ítölu, þar sem hennar er talin svo brýn þörf, að ekki verði hjá komizt, enda hafi hann ekki náð samstöðu um önnur ráð. Ákvæði um skipun ítölu-nefndar eru óbreytt.

Í 24. gr. er mælt fyrir um, hvernig ákveða skuli hlutdeild hvernjar jarðar í beitarrétti í sameiginlegum beitolöndum og afréttum. Aðalreglan er sú, að réttur hvers býlis miðast við beitarpól heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið ákvarðað fyrir einstakar jarðir og ekki eru tók á að láta mæla það, skal miða við landverð jarðanna, það er að segja, þess lands þeirra, sem raunverulega er nýtt til beitarréttar fyrir þann búpening, sem almennt er rekinn á afrétt. Er þá átt við landverð óræktaðs lands og ræktaðs lands að svo miklu leyti sem það er notað til beitarréttar, en ekki til heyöflunar til vetrarfóðurs. Þarna verður alltaf um veruleg matsatriði að ræða og er heimilt að taka tillit til sérstakra búskaparháttanna.

Gerðar eru tillögur um, að tekin verði upp sektarákvæði þannig, að þeim, sem uppvís er að því að láta meiri búpening á ákveðið ítölusvæði en hann hefur rétt til, sé gert að greiða sektir, sem fara stighækkandi, ef um ítrekuð brot er að ræða. Sektarfé skal ganga til gróðurbóta á viðkomandi svæði.

Þá er lagt til að skylt verði að taka ítölu til endurmats eftir 4 ár, ef einhverjir þeirra, er hlut eiga að máli, krefjast þess.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gr. fjallar um 13. gr. gildandi laga. Fellt er úr greininni ákvæði, sem kemur síðar í III. kafla samkvæmt frumvarpinu.

Um 2. gr.

Fjórtánda grein gildandi laga er felld niður, þar sem efni hennar kemur í III. kafla laganna samkv. frumvarpinu. Þá er tölusetningu greina breytt í samræmi við þetta.

Um 3. gr.

Þriðja gr. frumvarpsins kveður á um, að III. kafla laganna skuli breytt. Kaflinn byrjar á þeirri grein, sem yrði 15. gr. og endar á grein, sem yrði 30. gr. laganna. Tölusetning greina í IV.—X. kafla breytist í samræmi við það.

Um þá grein, sem yrði 15. gr. laganna.

Efni greinarinnar er nýmæli og hefur verið skýrt frá því í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Í greininni er talað um stjórnir fjallskiladeilda og hreppsnefndir. Svo sem áður er skýrt frá eru þetta víðast sömu aðilar. Frá því vikur þó, þar sem fleiri en einn hreppur eru í sömu fjallskiladeild, og þar sem ekki er um nein afréttarlönd að ræða — þar mun ekki tíðkast að tala um fjallskiladeildir eða stjórnir þeirra, en það eru hreppsnefndirnar samkv. skilgreiningu laganna.

Um 16. gr.

Efni greinarinnar er skýrt ýtarlega í almennum athugasemdum. Þarna eru tekin saman í eina grein ákvæði, sem kalla mætti stjórnþæki við meðferð afrétta. Nýmæli eru liðir c og e.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 16. gr. laganna. En breytingin er sú, að það eru fleiri en sýslunefndir, sem geta átt frumkvæðið að því að ítala verði gerð.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um það, hverjir geta farið þess á leit við sýslunefndir, að þær beiti sér fyrir því að athugun sé gerð á því, hvort þörf sé að gera ítölu, og krafizt hennar, ef athugun leiðir það í ljós, að til hennar verði að grípa. Að þessu leyti samsvarar greinin 17. gr. laganna. Aðilar eru taldir upp og skýrar kveðið á um þetta. Ætlazt er til, að notendum landsins og þeim, sem falið er að fylgjast með notkun þess, sé heimilt að fara fram á athugun og krefjast ítölu.

Um 19. gr.

Greinin á ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum. Hafi borizt ósk um ítölu er skylt að leita álits hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Ef enginn þessara aðila telur þörf á sérstakri athugun eða aðgerðum, er ekki skylt að hafast frekar að í málinu.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef ítölu eða sérstakra aðgerða hefur verið krafizt og Landgræðslan, gróðurverndarnefnd eða viðkomandi hreppsnefnd telja þess þörf. Boða skal til fundar alla hlutaðeigandi bændur þ.e. einn fyrir hvert lögbyli. Ef um stór fjölbyggð svæði er að ræða, sem ná yfir fleiri en eina fjallskiladeild, er heimilt að hafa það fulltrúafund — þó því aðeins að slíkt hafi verið samþykkt í hverri deild fyrir sig. Tilgangur með slíkum fundum er að kynna málið og kanna vilja bændanna um það, hvaða aðgerðir þeir telja æskilegastar, að fengnum upplýsingum og ráðleggingum frá gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins. Samþykktir slíkra funda eru bindandi. Þó má vísa málinu til landgræðslustjóra, ef felldar eru tillögur um ítölu eða aðrar aðgerðir til bættrar meðferðar á viðkomandi beitilöndum.

Ályktun um ítölu skal senda sýslunefnd (sýslumanni) og beitir sýslumaður sér fyrir gerð ítölu.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um skipun ítölunefndar og er hún óbreytt frá gildandi lögum. Sýslumanni er falið að sjá um framkvæmdina.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega eins og 20. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 23. gr.

Greinin er eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. gildandi laga. Hér er um það fjallað, hvernig skipta skuli beitarrétti í sameiginleg beitolönd á milli einstakra jarða innan ítölusvæðisins. Fylgt er sömu meginreglu og gert er með gildandi lögum, en hún er sú, að réttur hvers lögbýlis til beitar í sameiginlegu löndin sé í beinu hlutfalli við beitarþol heimalands býlisins. Sé beitarþol heimalandanna ekki þekkt yfir allt ítölusvæðið, en svo er enn ekki nema í fáum tilfellum, er heimilt að leggja til grundvallar landverð jarðanna eftir fasteignamati að frádregnum verðmætum hlunninda, og að frádregnu verðmæti þess af ræktuðu landi, sem ætla má, að notað verði til heyöflunar fyrir þann bústofn, sem er á jörðinni. Í gildandi lögum er heimilt að miða við elzta fasteignamat jarðanna. Hér er ætlað til, að hver jörð fái eftir því sem næst verður komið hlutdeild í sameiginlegum beitolöndum í beinu hlutfalli við raunverulegt beitarþol þess af heimalandi jarðarinnar, sem raunverulega er notað til beitar. Hagabætur og notkun ræktaðs beitalands eiga þar með að koma mönnum til góða og auka rétt þeirra.

Önnur atriði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 23. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Kæra má meint brot á ítölu til sýslumanns. Tekin eru upp sektarákvæði. Sektir skulu renna til fjallskilasjóðs. Sekt er miðuð við 1/10 af meðallamsverði miðað við hverja fjallskilaeiningu, en tvöfaldast við hvert itrekað brot.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. Breyting er sú, að nú er skylt að taka ítölu til endurmats á fjögurra ára fresti, ef $\frac{1}{4}$ hluti bænda krefst þess, eða ef landgræðslustjóri, gróðurverndarnefnd eða stjórn fjallskiladeildar telur þess þörf. Í gildandi lögum eru þessi ákvæði veikari og reiknað með, að 5 ár liði á milli endurskoðunar.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

4.—5. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.